



Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um sérúrræði fyrir þau börn í vanda sem ekki eiga inni í „venjulegum skólum“ – R19070158

Á fundi borgarráðs þann 18. júlí 2019 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hvað hyggst skóla- og frístundarráð gera fyrir þau börn í vanda sem eiga ekki inni í „venjulegum skólum“. Hvert eiga þau að fara? Hvar eiga þau að stunda nám? Vitað er að í öll sérúrræði er langur biðlisti t.d. í Klettaskóla og Brúarskóla. Nýlega fékk Flokkur fólksins svar við fyrirspurn sinni um hve mörg börn hafa undanfarin 5 ár ekki fengið skólavist vegna þess að þau glími við djúpstæðan tilfinningar- og hegðunarvanda. Sagt var að engu barni hafi verið vísað úr skóla vegna alvarlegs hegðunarvanda á þessu tímabili sem spurt var um. Þetta er ekki rétt. Síðan þetta svar var birt hafa nokkrir foreldrar haft samband og segjast einmitt hafa verið í þessum sporum auk þess sem við öll þekkjum eitt mál sem var nýlega í fréttum. Minnt er á að ef börn eru sett í aðstæður þar sem þau fá ekki notið styrkleika sinna og almennt séð fá ekki notið sín er hætta á að þau fari að sýna einkenni depurðar og kvíða. Sé barn látið vera í aðstæðum sem þessum lengi, jafnvel árum saman mun það einfaldlega hætta að vilja fara í skólann. Biðlisti í flest öll sérskólaúrræði hvort sem eru deildir eða skólar er langur og jafnvel þótt kennarar, foreldrar og fagfólk meta svo að barn eigi heima í sérúrræði þá fær það ekki inni í slíku úrræði.

Svar:

Í minnisblaði til skóla- og frístundaráðs frá sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs dags. 24. okt. 2019 um tillögu borgarfulltrúa Flokks fólksins um að byggt verði við Brúarskóla og hann stækkaður kemur m.a. fram að á undanförunum árum hafi orðið fjölgun á þeim úrræðum sem skólar hafa getað nýtt fyrir nemendur með margþættan vanda. Þar má nefna farteymin sem hófu starfsemi sína eftir áramót 2019. Farteymin hafa tvíþætt hlutverk, annars vegar handleiðslu- og ráðgjafarhlutverk við starfsfólk almennra grunnskóla og hins vegar stuðning og kennslu fyrir nemendur í aðstöðu farteymis. Hegðunarráðgjöfum hefur verið fjölgað í skólaláþjónustunni og nýjasta úrræðið er *Brúarbakki* sem er samstarfsverkefni Brúarskóla og Hjólakrafts til að kynna fyrir einstaka nemendum Brúarskóla gildi útivistar og hreyfingar. Auk þess sem í Brúarskóla er starfrækt sérstakt ráðgjafarsvið sem allir skólar borgarinnar hafa aðgang að.

Í minnisblaði til borgarráðs frá sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs dags. 2. september 2019 er svarað tillögum áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi nemendur með ýmis konar geðraskanir (R19050015). Í minnisblaðinu er ítrekað að nemendur eigi rétt á að komið sé til

móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar og að heimild til brottvikningar nemenda úr skóla, tímabundið eða ótímabundið sé eingöngu bundin við ítrekuð brot nemenda á skólareglum. Bent er á að flytjist nemandi með fötlun eða alvarlegar raskanir á milli skóla, hækkar úthlutun til þess skóla sem nemandinn flyst til og lækkar hjá þeim skóla sem nemandi flyst úr og að þannig fylgi fjármagn nemanda skipti hann um skóla. Tillögu um fækkun nemenda í bekkjum var svarað þannig að þó svo að meðalfjöldi nemenda á hvern umsjónarkennara hafi fjölgað um rúmlega einn nemanda á tímabilinu 2013 – 2019, hefur meðalfjöldi nemenda á alla kennara nánast staðið í stað og meðalfjöldi nemenda á öll stöðugildi í grunnskólum lækkað um 0,5 nemendur eða 7%. Tillögu um aukinn sveigjanleika og margbreytileika var svarað á þá leið að flestir skólar borgarinnar leitist við að bjóða upp á fjölbreytilega aðstöðu til náms sem og tæki og tól (heyrnartól, spjöld og fleira) sem auðvelda nemendum að sinna námi sínu. Þetta er undirstrikað í menntastefnu Reykjavíkurborgar. Í svari við tillögu um aukið vægi tækni- og listverkefna í grunnskólum var bent á að sköpun er einn af grunnþáttum í nýrri menntastefnu Reykjavíkurborgar og að markvisst hafi verið unnið að því að auka vægi tækni- og listverkefna í skólunum með stuðningi skrifstofu SFS. Einnig var bent á að fjárheimildir til grunnskóla borgarinnar á tímabilinu 2013 til 2018 á verðlagi hvers árs hækkuðu um 8.835 millj. eða 45,5%. Tillögu um aukið aðgengi barna og foreldra að sérfræðingum var svarað þannig að ef sálfræðingar og iðjuþjálfar yrðu ráðnir í alla grunnskóla borgarinnar kallar það á auknar fjárheimildir upp á rúmar 600 milljónir kr.

Í minnisblaði verkefnastjóra sérkennslu til skrifstofustjóra grunnskólaskrifstofu um nýtt sérskólaúrræði í Reykjavík, könnun varðandi þörf fyrir slíkt úrræði og um breytingar á inntökuskilyrðum Klettaskóla, dags. 2. sept. 2019 er fjallað um málefni Klettaskóla og bent á að skoða þurfi sérstaklega og markvisst nemendafjölda skólans, húsnæðisþörf, mönnun og fjármagnsþörf vegna rekstrar. Einnig er fjallað um önnur sérúrræði sem starfrækt eru á vegum skóla- og frístundasviðs fyrir nemendur í grunnskólum borgarinnar.

Í ofangreindum minnisblöðum kemur fram að lögð er áhersla á að mæta þjónustuþörfum barna á markvissan hátt með aðstoð sérfræðinga innan skóla og af stuðningskerfi við skólana.

Þess má geta að um þessar mundir er að fara af stað sameiginlegur stýrihópur skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs sem hefur það hlutverk að skoða hvernig megi tryggja heildstæða stoðþjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuþarfir, með það að markmiði að bæta þjónustu við börnin og forráðamenn þeirra, gera hana markvissari og stuðla að því að hún skili börnunum framförum. Þar verði til skoðunar sérkennsla og stuðningur í skólum og frístundastarfi, skólaþjónustan og sérstaklega hugað að samstarfi kennara, skólastjórnenda, sérfræðinga skólaþjónustu og starfsfólks sviðanna við að tryggja börnum markvissa þjónustu sem skilar þeim árangri og framförum.

Virðingarfyllt



Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra
staðgengill sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs